

Samband íslenskra sveitarfélaga  
b.t. Aldísar Hafsteinsdóttur, formanns  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

Málsnr.: 2002048

Dalabyggð Málaskrá

25. FEB. 2020

Bréfalykill: 00.07.07

Afrit send á eftirtalin sveitarfélög og hjúkrunarheimili.

Grundarfjörður 20. febrúar 2020

Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu  
félagsmanna Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu (SDS) um verkföll

Daganna 17. til 19. febrúar var haldin atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu sem starfa hjá Dalabyggð, Stykkishólmsbæ, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsnesbæ og hjúkrh. Fellaskjól's Grundarfirði um boðun verkfalls. Niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu er sú að 87,8% félagsmanna samþykktu verkfallsboðun. Þátttakan var 59,9% eða alls 221 af alls 369 sem voru á kjörskrá.

Það tilkynnist hér með að verkfallsaðgerðir Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu munu hefjast klukkan 00:00 þann 9. mars 2020 og verða sem hér segir:

Allsherjarverkfall frá og með klukkan 00:00 mánudaginn 9. mars 2020 til klukkan 00:00 miðvikudaginn 11. mars 2020 (tveir sólarhringar).

Allsherjarverkfall frá og með klukkan 00:00 þriðjudaginn 17. mars 2020 til klukkan 00:00 fimmtudaginn 19. mars 2020 (tveir sólarhringar).

Allsherjarverkfall frá og með klukkan 00:00 þriðjudaginn 24. mars 2020 til klukkan 00:00 miðvikudaginn 25. mars 2020 (einn sólarhringur).

Allsherjarverkfall frá og með klukkan 00:00 fimmtudaginn 26. mars 2020 til klukkan 00:00 föstudaginn 27. mars 2020 (einn sólarhringur).

Allsherjarverkfall frá og með klukkan 00:00 þriðjudaginn 31. mars 2020 til klukkan 00:00 fimmtudaginn 2. apríl 2020 (tveir sólarhringar).

Ótímabundið verkfall allra félagsmanna sem starfa hjá Dalabyggð, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ, Stykkishólmsbæ og Fellaskjól's Grundarfirði frá og með klukkan 00:00 þann 15. apríl 2020.

Virðingarfyllt,  
f.h. Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

  
Helga Hafsteinsdóttir, formaður SDS

*Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu*  
Kt. 650690-2229